

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 15 prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Breiðabólstað í Vesturhópi, síra 16. febr. Hálfðáns Guðjónssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki 4000 króna embættislán upp á tekjur prestakallsins til að byggja á prestsetrinu Breiðabólstað íbúðarhús úr timbri, 16 álna langt og 12 álna breitt, með steinlímdu kjallara undir öllu húsinu og að öðru leyti í því lagi og með þeim útbúningi, er frá er skýrt í áðurnefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánid ávaxtist og endurborgist með jöfnum afborgunum á 28 árum frá lántökudegi að telja af tekjum prestakallsins, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum (tveimur að minnsta kosti) verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla öll hús prestsetursins önnur en peningshús, að það verði allt járnvarið að utan og málað að innan, að sannad sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvodaábyrgð fyrir 5000 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Lántökuleyfi mitt, handa umgetnu prestakalli, dagsett, 12. septbr. 1896 (Stjtíð. 1896, B. bls. 177) er hjer með úr gildi fellt.

Þetta er hinum heidruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 16 prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Hvanneyri í Siglufirði, síra Bjarna 17. febr. Þorsteinssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 2400 króna embættislán úr landssjóði upp á tekjur prestakallsins, til þess að byggja á prestsetrinu íbúðarhús úr timbri með kvisti á annari hlið, 14 ál. langt, 11 ál. breitt, 5 álur undir þak, með kjallara undir því öllu og allt járnvarið og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, er nánar er til tekið í brjefi stiptsyfirvaldanna og uppdráttur sá, er því fylgdi, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins verði eigi útborgaður fyr en sannad er með reglulegri sköðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánid ávaxtist og endurborgist á næstu 28 árum, að telja frá því er lánid er tekið, með jöfnum afborgunum árlega, auk vaxta, að sannad verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús, er áður fylgdu prestsetrinu: baðstofa, búr, eldhús og miðhús með tilheyrandi göngum og skúrhúsi, að húsinu undir eptirliti prófasts sje haldið í áreiðanlegri váttryggingu fyrir eigi minna en 3600 kr. og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi. Ennfremur skal það tekið fram, er hjer segir, til frekari tryggingar vönduðum frágangi á húsinu: kjallarinn skal